

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2021 í máli nr. 142/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 24. nóvember 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst skaðabóta að fjárhæð 2.250.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 4. desember 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 7. desember 2020. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 8. desember 2020. Athugasemdir bárust frá varnaraðila sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara, athugasemda sóknaraðila og athugasemda varnaraðila, afrit af reikningum vegna þjónustunnar og staðfestingar á greiðslum, álitsgerð vegna frágangs við sturtubotn og niðurfall frá fyrirtækinu Lagnameistarinn ehf., útvegað af sóknaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, myndir af vinnu verksins og sturtubotninum þegar verkinu var lokið, álit sérfróðs aðila sem nefndin leitaði til með heimild í 1. mgr. 10 gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, svo og viðbótarálit sérfróðs aðila, sem barst í kjölfar athugasemda frá málsaðilum.

Með bréfi, dags. 21. desember 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við endurnýjun baðherbergis í fasteign sóknaraðila. Að sögn sóknaraðila var helsti hvati framkvæmdanna sá að koma upp sturtu. Í verkinu fólst að skipta út öllum lögnum, innréttingum, tækjum, svo og að koma fyrir gólfhita ásamt flísalögn.

Þegar verklok nálguðust kveðst sóknaraðili hafa lýst yfir áhyggjum af því að sturtubotninn væri of hár miðað við flísalögn á gólfinu. Þar af leiðandi muni sturtubotninn ekki virka eins og um hafi verið samið, hvorki varðandi skil á umfram vatni í niðurfall né sem almennt niðurfall á gólfinu. Við prófun á rennsli í sturtunni og frárennsli kom í ljós að sögn sóknaraðila að niðurfall sturtunnar annar ekki vatni sem kemur frá sturtunni. Safnast vatnið því upp og rennur fram á gólf án þess að komast til baka. Varnaraðili hefur að sögn sóknaraðila bent á að setja megi kant í kringum

sturtubotninn en sóknaraðili segir að það muni ekki virka þar sem vatnið muni hækka þar til flæðir yfir kantinn.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili leitaði til Félags Pípulagnameistara og í kjölfarið kom formaður félagsins til að skoða verkið. Taldi hann að verkið hafi verið unnið með röngum hætti og að það væri á ábyrgð varnaraðila að koma verkinu í rétt horf þannig að frárennslið yrði í lagi og sturtubotninn yrði í réttri hæð miðað við gólfið. Sóknaraðili kveðst hafa fylgt öllum ráðleggingum varnaraðila, þar á meðal um kaup á blöndunartækjum, gólfhita og sturtubotni. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi ekki notað það niðurfall sem fylgdi sturtubotninum heldur keypt annað og notað það. Er sturtan á baðherberginu enn ónothæf að sögn sóknaraðila.

Sóknaraðili kveðst hafa fengið þær upplýsingar að talsverða vinnu þurfti til að gera sturtuna nothæfa og svo sturtubotninn virki eins og til var ætlast. Til þess þurfi að lækka sturtubotninn eða hækka allt baðherbergisgólfið í sömu hæð og sturtubotninn. Þá þurfi að skipta út niðurfalli og kanna vatnshalla til að tryggja að vatn komist óhindrað niður frárennslisrör. Til þess þurfi sennilega að rífa upp allt gólfið og leggja upp á nýtt. Í því felist mikil vinna og líklega muni flísar, gólfhiti og annað skemmast í leiðinni. Einnig muni sökklar ofan á gólfinu hugsanlega skemmast og muni það mögulega hafa áhrif á innréttingar. Þyrfti þá að koma baðkari og innréttingum fyrir upp á nýtt eftir að nýtt gólf er tilbúið. Að sögn sóknaraðila er óvissa um það hvaða áhrif lækkun sturtubotsins eða hækkun gólfsins hefur á veggum baðherbergisins. Gera megir ráð fyrir að rífa þurfi einhverjar veggflísar og jafnvel endurbyggja vegg að hluta.

Sóknaraðili krefst skaðabóta í samræmi við það tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir svo unnt sé að koma baðherberginu í rétt horf. Kröfufjárhæð sóknaraðila miðar við heildarkostnað við vinnu verksins sem var að fjárhæð 6.299.409 krónur, auk þess sem sóknaraðili keypti gólfhlísar, gólfhita, sturtubotn o.fl. sem sóknaraðili telur líklegt að skemmist við úrbætur, að fjárhæð um 500.000 krónur, auk þess að fjarlægja þurfi innréttingar og borðplötu. Telur sóknaraðili að kostnaður við að rífa upp gólfið og leggja nýtt nemi a.m.k. þriðjungum af heildarkostnaði við verkið. Krefst sóknaraðili því skaðabóta að fjárhæð 2.250.000 krónur.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili kveðst í andsvörum sínum hafa tekið að sér vinnu verksins en hann hafi þó ekki séð um hönnun, efnisval eða nokkuð sem hafi komið að ákvörðunum í framkvæmdinni. Komi varnaraðili hins vegar alltaf með ráðleggingar ef eitthvað athugavert er við hönnun viðskiptavina. Sóknaraðili hafi staðið fastur á sinni hönnun óháð ráðleggingum og þeim afleiðingum sem gætu orðið. Sóknaraðili hafi haft arkitekt til aðstoðar með hönnun og beri hann ábyrgð á hönnunargöllum.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi valið sturtubotninn og hönnunin hafi verið unnin útfrá honum. Sóknaraðila hafi verið sagt hversu þykkar einangrunarmottur þyrfti í gólfið fyrir gólfhitann en sóknaraðili hafi keypt þynnri mottur sem hafi lækkað gólfið. Hafi sóknaraðili neitað að hlusta á ráðleggingar fagmanna og viljað verkið klárað með þeim efnum sem hann hafi útvegað. Varnaraðili segir að ganga hafi þurft frá vatnslás í sturtunni í gólfið á meðan gólfið var unnið en þá hafi verið tveggja mánaða bið eftir sturtubotninum. Hafi því verið keypt sama stærð af vatnslás frá öðrum framleiðanda, sem anni sama vatnsmagni. Sá hafi verið settur í gólfið. Vatnshalli á lögnum í gólfi er að sögn varnaraðila 2 cm á hvern meter sem er lögbundinn halli. Þá hafi það verið val sóknaraðila að kaupa sturtubotn sem hafi nær engan innbyggðan vatnshalla. Hreinlætistæki eigi að uppfylla kröfur og staðla ef þau eru seld hér á landi en iðnaðarmenn geti

ekki borið ábyrgð á því, sérstaklega ekki ef þeir útvegi ekki tækin. Þá hafi sóknaraðili valið staðsetningu fyrir blöndunartækin í sturtunni og merkt staðsetninguna á vegginn. Tækin hafi verið sett upp nákvæmlega eftir hans merkingum, við brún sturtubotsins, sem komi í veg fyrir að hægt sé að setja sturtugler við enda sturtunnar. Varnaraðili bendir á að hægt sé að flísaleggja annað lag yfir gólfflísarnar til að hæð gólfsins verði jöfn sturtubotninum en það sé á ábyrgð sóknaraðila þar sem hann hafi valið einangrunarmotturnar sjálfur með því að kaupa annað efni en það sem beðið var um. Vegna erfiðleika í samskiptum kveðst varnaraðili hafa neitað að vinna meira fyrir sóknaraðila eftir að sóknaraðili hafði sagst vera sáttur við verkið. Hafi hann síðar greitt reikninginn í stað þess að gera athugasemdir eða kröfu um úrbætur á þeim tíma.

3.3 Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili bendir í athugasemdum sínum á að varnaraðili hafi keypt allar vatns- og frárennslislagnir og einnig niðurfallið eftir að sóknaraðili hafði valið blöndunartækin samkvæmt meðmælum. Þá hafi arkitekt aðeins aðstoðað sóknaraðila við að ákveða staðsetningu baðkars, sturtu og innrétinga en engin önnur hönnun hafi verið lögð fram, enda hafi varnaraðili staðfest í andsvörum sínum að hann hafi hannað verkið út frá sturtubotninum. Þá hafi blöndunartækin einnig verið keypt áður en gólfið var lagt og hefði því verið auðvelt að velja vatnslás sem anni vatnsmagninu. Kveðst sóknaraðili hafa treyst varnaraðila sem pípuþingarmeistara og ekki haft forsendur til að gera athugasemdir. Þá kveðst sóknaraðili áður hafa valið aðra tegund affalls fyrir sturtuna með því að flísaleggja sturtubotninn og nota frárennsliskerfi frá Tengi ehf. sem búið var að kaupa. Varnaraðili hafi hins vegar ráðlagt sóknaraðila að nota það ekki heldur kaupa frekar heilan sturtubotn sem væri öruggari vegna möguleika á leka í fasteigninni sem er timburhús. Hafi það verið eina ástæða þess að umræddur sturtubotn hafi verið keyptur. Þá segir sóknaraðili að sturtubotninn virðist þó hafa réttan vatnshalla en vandamálið sé að vatnið hækki og hækki þar sem niðurfallið hafi ekki undan, þannig vatnið flæði að lokum fram á gólf. Ekki sé unnt að sannreyna hvort vatnshalli á lögnum í gólfi sé réttur eða ekki nema opna gólfið. Sóknaraðili segir að gólfhiti hafi verið keyptur alfarið að ráðleggingu varnaraðila sem hafi haft samband við sölumann hjá Hringrás ehf. og sóknaraðili hafi aðeins þurft að sækja efnið og greiða. Fráleitt sé að sóknaraðili hafi valið aðra þykkt á einangrunarplötum en varnaraðili hafi mælt með enda hafi sóknaraðili ekki haft neina ástæðu til þess. Að auki hafi varnaraðili aldrei rætt neina þykkt. Varnaraðili hefði heldur ekki átt að halda áfram með flísalögn þegar honum varð ljóst að þykktin á plötunum myndi ekki duga til að fá rétta gólfhæð. Hafi það þó ekki verið fyrr en að flísalögn lokinni sem sóknaraðili hafi áttað sig á því. Sóknaraðili telur að annað lag af flísum ofan á muni draga úr virkni gólfhitans og bæta aukinni þyngd á gólfið sem er trégólf. Það muni ekki hjálpa til við frárennslid úr sturtunni og niðurfallið muni enn ekki hafa undan. Þá hafi ekki staðið til að hafa hurð á sturtuklefanum og staðsetning blöndunartækja komi málinu ekki við. Sóknaraðili segir alrangt að ekki hafi verið farið eftir ráðleggingu varnaraðila og annarra fagmanna á verktímanum.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum kveðst varnaraðili ekki hafa átt nein samskipti við fyrirtækið Hringrás varðandi gólfhitann fyrr en búið var að klára baðherbergið og sóknaraðili hafi viljað hringrásadælu á gólfhitann í stað rétúr stýringar. Sóknaraðila hafi verið tilkynnt að gólfhitamottur yrðu að vera 2 cm þykkar eftir að sturtubotninn hafði verið ákveðinn. Varnaraðili hafi ekki haft neitt annað með kaup á mottunum að gera nema vísa sóknaraðila á verslunina. Sóknaraðili hafi hins vegar keypt 10 til 12 mm mottur sem hann vildi nota. Varnaraðili segir lítið mál að sannreyna vatnshalla á lögnum með röramyndavél gegnum vatnslásinn og ekki þurfi að opna neitt til þess. Bendir varnaraðili á að

vatnshalli sé meiri en 2 cm á meter sem er leyfilegur halli. Varnaraðili segir að allir vatnslásar sem passi í svona sturtubotna séu eins, lítill munur sé á því vatnsmagni sem þeir ráði við. Skipti því ekki máli hver þeirra sé valinn í botninn. Vatnsmagnið sem þessi vatnslás eigi að ráða við sé um það bil þrefalt það magn sem komi úr blöndunartækjunum. Ekki hafi verið mögulegt að setja niðurfallsrennu í timburgólfið nema rjúfa gólfið og minnka burð í gólfbítum og því hafi verið ákveðið að taka sturtubotn í staðinn. Vatnslásinn í sturtubotninum ráði við um 30% meira vatnsmagn en rennurnar.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við framkvæmdir á baðherbergi í fasteign sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna. Sóknaraðili hefur greitt fyrir þjónustuna að fullu en telur að verkið hafi verið haldið galla þar sem niðurfall í sturtunni taki ekki við vatni líkt og þörf er á til að vatn flæði ekki út á gólf. Krefst sóknaraðili skaðabóta sem svara til kostnaðar við að lagfæra annmarka á sturtunni sem sóknaraðili telur að sé að fjárhæð 2.250.000 krónur. Varnaraðili telur að val sóknaraðila á efni til verksins leiði til þess að ábyrgðin liggi hjá sóknaraðila. Hefur varnaraðili bent á að sóknaraðili hafi keypt rangar einangrunarmottur, þynnri en þær sem varnaraðili hafi sagt honum að kaupa, sem hafi leitt til þess að hæð baðherbergisgólfsins var lægri en ella. Sóknaraðili hafi einnig valið sturtubotn til verksins sem hafi ekki nægan innbyggðan halla. Þá hafi sóknaraðili haft aðstoð arkitekts við hönnun baðherbergisins og neitað að verða við ábendingum varnaraðila um nauðsynlegar breytingar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Samkvæmt 4. gr. þkpl. ber seljanda þjónustu að vinna verk af fagþekkingu og veita neytanda upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum. Ákvæði 6. gr. þkpl. mælir fyrir um leiðbeiningarskyldu seljanda gagnvart neytanda. Í þeirri skyldu felst m.a., samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laganna, að ráðleggja kaupanda hvort vinna eigi verk eða ekki og með hvaða hætti. Þá ber seljanda þjónustu að leggja huglægt mat á það hvort ráðlegt sé að framkvæma verkið á þann hátt sem neytandi hefur óskað eftir, byggt á fagþekkingu sinni. Undir vissum kringumstæðum getur seljanda þjónustu verið rétt að neita að taka að sér verkefni, sér í lagi ef hann telur hættu á að neytandi muni síðar beita vanefndarúrræðum vegna galla á þjónustunni.

Af gögnum málsins verður ráðið að arkitekt hafi veitt sóknaraðila aðstoð við ákvörðun um staðsetningu baðkars, sturtu og innréttinga. Ekkert bendir til þess að arkitekt hafi ráðið hæð

gólfsins eða sturtubotnsins. Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili hafi fest kaup á einangrunarmottum og sturtubotni í kjölfar samtals við varnaraðila. Ekkert liggur fyrir sem staðreynir að varnaraðili hafi ráðlagt sóknaraðila gegn vinnu verksins með þeim hætti sem það var unnið, að sóknaraðili hafi neitað að verða við ráðleggingum varnaraðila um breytingar á framkvæmdinni eða að sóknaraðili hafi neitað að kaupa réttar einangrunarmottur til verksins.

Ákvæði 9. gr. þkpl. fjallar um galla á þjónustu og er svohljóðandi:

„9. gr. Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta viku frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,

2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,

3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,

5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,

6. seld þjónusta viku að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.“

Varnaraðili tók að sér að sjá um framkvæmdir á baðherbergi sóknaraðila og bar þar af leiðandi faglega ábyrgð á vinnu verksins. Í því fólst m.a. skylda til að tryggja að verkið væri unnið í samræmi við viðurkennda starfshætti, lög og reglur. Af því leiðir að varnaraðili ber einnig ábyrgð á mögulegum annmörkum sem þjónustan kann að hafa verið haldin.

Mælt er fyrir um frágang votryma í ákvæði 6.7.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum. Þar segir að gólf í votrymum skuli vera vatnsheld með niðurfalli og halla að niðurfalli. Ekki er heimilt að hafa niðurfall í gólfi votrymis aflokað, t.d. inni í sökkli innréttingar. Eina niðurfallið á baðherbergi sóknaraðila er í sturtunni. Til stóð að nýta niðurfallið í sturtunni sem niðurfall fyrir rýmið í heild. Fyrir liggur að sturtubotninn á baðherbergi sóknaraðila liggur ofar en flísalögn á gólfi baðherbergisins og nýtist því ekki sem niðurfall fyrir rýmið í heild, s.s. til að taka við vatni frá gólfi baðherbergisins.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa leitaði álits sérfróðs aðila til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 1. mgr. 10 gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Álit hans liggur fyrir í gögnum málsins.

Í álitinu segir að varnaraðila hafi borið að tryggja að niðurfallið yrði staðsett á lægsta punkti gólfsins svo það nýttist sem skyldi. Hefði það verið hægt með því að fella sturtubotninn undir flísalögnina. Við aðstæður eins og þær eru nú getur vatn safnast saman á gólfi baðherbergisins sem berst ekki úr rýminu með góðum hætti vegna staðsetningar og afkastagetu niðurfallsins. Skapar þetta hættu á eignatjóni í fasteigninni þar sem vatni er ekki veitt í burtu með réttum hætti.

Af gögnum málsins verður einnig ráðið að niðurfall sturtunnar nái ekki að skila frá sér eðlilegu magni vatns. Vatn flæðir þar af leiðandi frá sturtubotninum og út á flísar baðherbergisgólfsins. Varnaraðili gerði athugasemdir við álit hins sérfróðs aðila þar sem ályktað

var um orsök þess að niðurfallið virkaði ekki sem skyldi. Þá hefur varnaraðili bent á að orsök lélegs fráflæðis sé of lítill halli á niðurfallinu sem sóknaraðili hafi krafist þess að notað yrði til verksins. Nákvæm orsök þess að frárennslið er lélegt liggur ekki að fullu fyrir að mati kærunefndarinnar. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að árangur verksins er á ábyrgð varnaraðila, þar með talin ábyrgð á því að baðherbergið nýtist til eðlilegra nota. Þjónusta varnaraðila var því haldin annmarka að þessu leyti þar sem niðurfallið skilar ekki frá sér vatni með fullnægjandi hætti.

Verður með hliðsjón af öllu framangreindu fallist á það með sóknaraðila að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla í skilningi 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl.

Sóknaraðili hefur krafist þess að varnaraðila verði gert að greiða sér 2.250.000 krónur vegna gallans. Krafa sóknaraðila byggir á því að sóknaraðili hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna gallans þar sem þörf sé á að vinna verkið aftur að hluta til að bæta úr gallanum.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. þkpl. á neytandi rétt á skaðabótum ef hann verður fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu, nema ef seljandi sýnir fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans. Við mat á fjárhæð skaðabóta vegna galla verður að líta til áætlaðs kostnaðar að raunvirði við að bæta úr göllum á verkinu. Í framangreindu álitu sérfróðs aðila er greint frá kostnaði við nauðsynlegar úrbætur, þ.e. við að bæta frárennsli frá sturtubotninum, sem verður aðeins gert með því að opna gólfið, finna orsök þess að frárennslið er ekki nægjanlegt og tryggja rétta lög frárennslisrörsins, svo og að hækka baðherbergisgólfið.

Til úrbóta þarf að álitu sérfræðingsins að fjarlægja flísar af gólfi og neðstu röð veggflísanna. Þá þarf að gera lagfæringar á frágangi baðherbergishurðar og taka hana niður, taka niður salernisskál og opna lagnavegg til að færa salerniskassa upp sem nemur hækkun gólfsins. Í því felst einnig að fjarlægja flísar af salernisvatnskassa. Að auki þarf að fjarlægja allar innréttingar af gólfpletinum. Í kjölfarið þurfi að hreinsa flísalím af veggglutum og gólfi, aftengja og taka upp sturtubotn, endurleggja frárennslisrör frá sturtubotni, þykkja gólf undir flísar, setja vatnsvarnarlag á gólf og vegggluta undir flísar, stilla sturtubotni í rétta hæð og tengja fráveitu og jarðtengingu, flísaleggja gólf og vegg, setja upp salerni og ganga frá í kringum baðherbergishurð, svo og að þörf sé á prófunum, þrifum og hreinsun.

Í álitu sérfræðingsins er kostnaður við úrbætur reiknaður með hliðsjón af tímagjaldi og verðskrá varnaraðila, þ.m.t. akstursgjaldi, auk kvittana vegna efniskostnaðar, s.s. fyrir vegg- og gólf flísar, flísalím og múrfúgu samkvæmt reikningum frá sóknaraðila. Þegar upplýsingar um efnisverð lágu ekki fyrir í málgögnum var miðað við listaverð á efni, með tilliti til afsláttar á listaverði sem miðað er við að sé ígildi álagningar þjónustuaðilans fyrir áhættu og góða. Í öllum kostnaðarverðum voru áhætta og ágóði þjónustuaðilans reiknuð sem jafndreift álagningarhlutfall á einingaverð. Álagning á efnisverð fyrir umsjú og varðveislu þess var áætluð 10% sem algengt er við vinnu slíkra verka. Við áætlun á tímabörf verkþátta var stuðst við verkþáttagreiningu og mannaflagreiningu, byggðar á reynslu hins sérfróða aðila. Allar magntölur voru reiknaðar eftir mælingum hins sérfróða aðila af opinberum uppdráttum. Heildarkostnaður við úrbætur er metinn að fjárhæð 1.042.252 krónur. Nákvæmur útreikningur kostnaðarins liggur fyrir í gögnum málsins.

Sóknaraðili hefur orðið fyrir fjártjóni sem nemur kostnaði við úrbætur á þeim göllum sem þjónusta varnaraðila var haldin, sbr. 15. gr. þkpl. Ber varnaraðili ábyrgð á því tjóni. Með hliðsjón af öllu framangreindu ber varnaraðila að greiða sóknaraðila skaðabætur að fjárhæð 1.042.252 krónur.

V
Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 1.042.252 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson